Auglýsingar á Noona markaðstorginu

Síðast uppfært 12/10/2026 3:35 pm BST

Auglýsingar á Noona

Með auglýsingum á Noona getur þú komið þjónustu, viðburðum eða gjafabréfum á framfæri á markaðstorginu. Þú velur hversu miklu þú vilt eyða og á hvaða svæði auglýsingin á að birtast.


Í valmyndinni undir **Markaðssetning** finnur þú þrjá flipa:



- **Auglýsingaherferðir:** Hér stillirðu tímabil, eyðslumörk og birtingarsvæði og velur auglýsingar fyrir herferðina.
- **Auglýsingasafn:** Hér býrðu til auglýsingarnar sjálfar, með mynd, texta og áfangastað.
- **Innsýn:** Hér sérðu birtingar, smelli og kostnað þegar herferðin er farin í gang.

1. Búðu til auglýsinguna

Farðu í **Valmyndina -> Markaðssetning -> Auglýsingasafn** og smelltu á **Búa til fyrstu auglýsinguna.**



Nafn

Þar setur þú inn **nafn** á auglýsingunni svo þú þekkir hana í auglýsingasafninu en aðeins þú getur séð þetta nafn.

Mynd

Smelltu á **Bæta við mynd** og veldu mynd fyrir auglýsinguna. Ráðlögð stærð er 1200 x 628 px (1,91:1) JPG eða PNG undir 5MB.

Texti yfir mynd

Þú getur bætt við stuttum **texta** sem birtist yfir myndinni sem er að hámarki 35 stafir. Þessi reitur er valfrjáls og má vera auður ef þú vilt sýna myndina eins og sér.

Lýsing

Skrifaðu stutta **lýsingu** á því sem þú ert að auglýsa að hámarki 65 stafir.


Takki


Smelltu á **Velja** undir **Takki** og veldu hvert auglýsingin á að vísa þegar smellt er á hana, til dæmis á prófíl fyrirtækisins, þjónustu, viðburð eða gjafabréf. Í **Texti á takka** getur þú sett inn texta sem er að hámarki 20 stafir. Textinn ætti að lýsa næsta skrefi, til dæmis "Bóka tíma".

Tungumál

Veldu **tungumál** auglýsingarinnar. Hún birtist aðeins fólki sem er með markaðstorgið stillt á því tungumáli. Ef þú vilt ná til fólks sem notar annað tungumál þarftu að búa til aðra auglýsingu fyrir það.


Síðan smellir þú á **Vista.**







Ef allar upplýsingar eru útfylltar kemur upp gluggi þar sem þú getur sent auglýsinguna í samþykktarferli. Auglýsingar þurfa að fara í samþykktarferli áður en þær geta birst á markaðstorginu.

Eftir að hún hefur verið samþykkt getur hún birst í auglýsingaherferð. **Athugaðu:** Það að vista auglýsingu setur hana ekki sjálfkrafa í birtingu. Hún þarf bæði að vera samþykkt og hluti af herferð.




Hérna er dæmi um uppsetta auglýsinga:





2. Búðu til auglýsingaherferð

Næst ferðu aftur í **Valmyndina -> Markaðssetning -> Auglýsingaherferðir** og smelltu á **Ný herferð.**




Upplýsingar

Sláðu inn **heiti herferðar** og veldu hvenær hún á að hefjast og enda.

Hefst: Veldu **Strax** eða upphafsdag. Ef þú velur Strax hefst herferðin þegar ein af auglýsingum hennar hefur verið samþykkt.

Endar: Veldu lok herferðarinnar. Herferð getur verið í gangi í allt að **90 daga** frá því hún hefst.



Auglýsingar

Herferðin þarf að innihalda að minnsta kosti **eina auglýsingu**. Bættu við auglýsingunni sem þú vilt birta eða smelltu á **Búa til auglýsingu** til að útbúa nýja.



Stilltu fjárhagsáætlun


Undir **Fjárhagsáætlun** ákveðurðu hversu miklu þú vilt eyða.

- **Dagleg eyðslumörk:** Settu hámark fyrir eyðslu á dag. Lágmarkið er **1.000 kr. á dag**.
- **Heildar eyðslumörk:** Þessi reitur er valfrjáls. Hér geturðu sett hámark á heildareyðslu herferðarinnar til að ljúka henni fyrr.

Án heildareyðslumarka ráðast heildarmörkin af daglegum eyðslumörkum og lengd herferðarinnar.

Dæmi: Ef dagleg eyðslumörk eru 1.000 kr. og herferðin stendur í 10 daga eru hámarkseyðslumörkin 10.000 kr. Raunkostnaður fer eftir birtingum og smellum.

Í uppsetningunni birtast einnig verð fyrir birtingar og smelli.




Veldu birtingarsvæði

Undir **Hvar** velurðu svæðið þar sem auglýsingarnar eiga að birtast.


1. Sláðu inn staðsetningu í **Miðja svæðis**.
2. Stilltu **Radíus** eða veldu eina af fyrirframgefnu fjarlægðunum.
3. Skoðaðu kortið til að sjá hvaða svæði valið nær yfir.

Þéttara svæði eykur birtingarlíkur auglýsingarinnar innan þess. Breiðara svæði nær lengra.




Samþykktar og ósamþykktar auglýsingaherferðir


Hér sérðu **ósamþykkta** auglýsingaherferð:




Hér sérðu **samþykkta** auglýsingaherferð:



Þú getur bætt við fleiri auglýsingum undir **Auglýsingasafn** í valmyndinni:



Svona líta auglýsingar út á markaðstorginu:




3. Fylgstu með árangrinum

Þegar samþykkt auglýsing er farin að birtast á markaðstorginu geturðu farið í **Markaðssetning → Innsýn** til að fylgjast með árangrinum.

Þar sérðu:


- Hversu oft auglýsingin hefur birst.
- Hversu margir hafa smellt á hana.
- Hversu mikið hún hefur kostað.


Þessar upplýsingar hjálpa þér að meta árangur herferðarinnar. Þú getur einnig bætt við inneign hvenær sem er.



4. Bæta við inneign

Ef auglýsingin er að ganga vel er hægt að bæta við inneigninni. Það er gert með því að fara í **Valmyndina -> Markaðssetning -> Auglýsingaherferðir** og smellir á **Bæta við inneign.** Inneignin er síðan rukkuð á næsta reikning.





Ekki hika við að hafa samband við okkur á spjallinu ef að eitthverjar spurningar vakna ❤